

Jarðhitaathugun í landi Sölvanness og Kornár
í Lýtingsstaðahreppi

Ragna Karlsdóttir, Hrefna Kristmannsdóttir,
Guðmundur Ingi Haraldsson

Jarðhitaathugun í landi Sölvanes og Kornár í Lýtingsstaðahreppi.

Í landi Sölvanes er aðeins vitað um jarðhita á einum stað.

Á 30 m kafla í Svartá um 600 m suðaustur af bænum virðist koma upp jarðhiti. Ána leggur aldrei á þessum stað og var þessi staður notaður sem vað á henni áður fyrr.

Í landi Kornár er jarðhiti um 600 - 700 m norðvestur af bænum. Þar vætlar fram 12,3°C heitt vatn á skurðbarmi. Ekki var unnt að ná sýni til efnagreiningar úr volgrunum í Svartá, en tekið var sýni úr volgrunni á Korná.

Niðurstöður efnagreiningarinnar eru:

Númer sýnis	hitastigi °C	pH/°C	magn í mg/l							
			SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S
800112	12,0	9,48/26	20,6	24,3	0,20	2,09	0,09	24,7	6,03	0,00

magn í mg/l			Heildarmagn uppleystra efna
Cl	F	B	
3,70	0,15	0,03	129,7

Efnainnihald vatnsins bendir ekki til þess að verulega heitara vatn sé þar á meira dýpi. Jarðhitinn í hvorugri þessara landareigna er nýtanlegur fyrir bæna. Líkur á að finna nýtanlegan jarðhita eru taldar svo litlar að ekki eru lagðar til frekari rannsóknir.



Dags.
1983-01-28

Dags.

Tilv. vor
HK/gb
Tilv. yðar

...
Hr. Hjálmar Guðmundsson
Korná
Lýtingsstaðahreppi
...
Skagafjarðarsýslu.

Hjálagt eru niðurstöður jarðhitakönnunar, sem Jarðhitadeild
Orkustofnunar gerði að beiðni ykkar skv. bréfi frá 15. 3. 1980.

Virðingarfyllst

Hrefna Kristmannsdóttir
deildarstjóri